



Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

dmr@dmr.is
545 9000

Borgartúni 26
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Allsherjar- og menntamálanefnd
101 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2023

Tilv.: DMR22060191/12.1

Efni: Viðbrögð við athugasemdum sem hafa borist um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Vísað er til tölvubréfs skrifstofu Alþingis, dags. 24. apríl sl., þar sem óskað er eftir minnisblaði frá dómsmálaráðuneytinu vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993. Er þar óskað eftir viðbrögðum vegna athugasemda sem borist hafa allsherjar- og menntamálanefnd um málið umfram það sem vísast til í greinargerð með frumvarpinu eða ef ráðuneytið óskar eftir að koma á framfæri frekari sjónarmiðum.

Ráðuneytið vekur athygli á að frumvarpið er fyrst og fremst lagt fram til að gera breytingar á því hver haldi utan um reikningshald Kirkjugarðasjóðs, meðal annars vegna ábendinga sem fram höfðu komið frá Ríkisendurskoðun. Kemur tillaga um þá breytingu fram í 2. gr. frumvarpsins. Í umsögn Bálfarafélags Íslands um frumvarpið, sem borist hefur allsherjar- og menntamálanefnd, er lagst gegn þessari tillögu. Eru athugasemdir félagsins sambærilegar þeim sem félagið gerði við upphafleg drög að frumvarpinu á samráðsgátt stjórnvalda er drög að frumvarpi voru birt þar til umsagnar. Um þetta vísar ráðuneytið til þess er fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, 5. kafla um *Samráð*. Eins og þar segir voru við endanlega vinnslu frumvarpsins gerðar breytingar á því hvað varðar birtingu reikninga Kirkjugarðasjóðs og er nú gert ráð fyrir að þeir verði áfram birtir í B-deild Stjórnartíðinda eins og verið hefur.

Hvað varðar tillögur frumvarpsins um að fella brott tvö ákvæði þar sem getið er um Bálfararfélag Íslands ítrekar ráðuneytið það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins, 5. kafla um *Samráð*. Vegna athugasemda sem bárust um frumvarpið á samráðsgátt stjórnvalda er í þeim kafla gerð grein fyrir ástæðu þess að í frumvarpinu er lagt til að fella þessi ákvæði brott. Sambærilegar athugasemdir bárust um frumvarp sama efnis sem lagt var fram á 152. löggjafarþingi og koma þær einnig fram í fjórum umsögnum sem borist hafa allsherjar- og menntamálanefnd um frumvarp það sem nú liggur fyrir.

Þó svo að umrædd ákvæði um Bálfararfélag Íslands, sem fram koma í 3. másl. 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 50. gr. gildandi laga, hafi staðið þar um árábil, þrátt fyrir að Bálfararfélag Íslands hafi ekki verið starfandi, breytir það ekki því að talið er rétt að fella þau brott þar sem viðkomandi félag er ekki lengur til. Að stofnað hafi verið nýtt félag undir sama heiti breytir ekki þeirri staðreynd. Þá kemur skýrt fram í umsögnum um frumvarpið að hið nýstofnaða bálfarafélag sé stofnað í þeim tilgangi að styðja við tiltekna sjálfseignarstofnun, Tré lífsins- bálstofa og Minningargarðar ses., og má m.a. af því ráða að það félag styðji ekki þá bálstofu sem nú er starfandi eða aðrar sem kynnu að vilja hefja starfsemi. Ekki er því að sjá að rök séu fyrir því að ákvæði um félag með þessu heiti standi áfram í lögum. Ráðuneytið bendir jafnframt á að

málefni um bálfarir eru til skoðunar í ráðuneytinu og möguleg endurskoðun á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Varðandi umsagnir um reglugerðir um líkbrennslu, sem vísað er til í 2. mgr. 50. gr. gildandi laga, er einnig ítrekað það sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, að mikil breyting hefur orðið á undanförmum árum á vinnu við setningu reglugerða. Meðal annars hefur verið stofnuð samráðsgátt stjórnvalda þar sem birt eru drög að lagafrumvörpum og reglugerðum og öllum gefst kostur á að koma með umsagnir eða athugasemdir við vinnslu þeirra.

Fyrir hönd ráðherra


Berglind Bára Sigurjónsdóttir


Fanney Óskarsdóttir